

# ÚTSKRIFT ÚR FUNDAGERÐABÓK SKIPULAGS- OG UMHVERFISRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

**212. fundur** Skipulags- og umhverfisráðs Húnaþings vestra haldinn fimmtudaginn **6. september 2012 kl. 17:00** í fundarsal sveitarfélagsins að Hvammstangabraut 5, Hvammstanga.

## Dagskrá:

1. Erindi sveitarstjóra Húnaþings vestra.
2. Erindi Jakobs Hermannssonar.
3. Erindi Welcome Hotels ehf.
4. Kirkjuhvammskirkja, kynnt afgreiðsla húsafriðunarnefndar.

## Tekið á dagskrá:

5. Erindi Jóns Sigurðssonar.

## Afgreiðslur:

1. Skúli Þórðarson, sveitarstjóri f.h. sveitarstjórnar sækir um heimild fyrir söfnunargám á umráðasvæði sveitarfélagsins, á plani gegnt tjaldsvæðinu á Borðeyri. Ráðið samþykkir erindið.
2. Jakob Hermannsson kt. 051066-4219 óskar eftir endurnýjun á stöðuleyfi fyrir gám á jörð sinni Þorfinnsstöðum. Ráðið samþykkir stöðuleyfið til eins árs samkvæmt gr. 2.6.1 í byggingarreglugerð nr. 112/2012.
3. Runólfur Þ. Sigurðsson kt. 090157-2989 f.h. Welcom Hotels ehf. kt. 510811-0620 sækir um byggingarleyfi vegna breytinga á húsnæðinu Norðurbraut 1, á Hvammstanga sbr. teikn. Nr. 11102 (101), 12103(100) og 12103(112) dagsettar 25.08.2012. Ráðið bendir á að taka skal tillit til aðgengis fatlaðra sbr. grein nr. 6.10.1 og nr. 6.10.3 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Einnig bendir slökkviliðsstjóri á eftirfarandi atriði: gera skal grein fyrir björgunaropum í öllum svefnherbergjum og að þau uppfylli grein nr. 9.5.5 um björgunarop, eldhús og tengd rými skulu vera sér brunahólf EI-90, einnig skal gera grein fyrir geymslu gaskúta utanhúss samkvæmt grein nr. 9.6.25 ásamt nánari staðsetningu og tegund sorpgeymslu samkvæmt grein nr. 6.12.8 byggingarreglugerðar nr. 112/2012. Ráðið samþykkir erindið með fyrirvara um fullnægjandi göng og að orðið verði við ofangreindum ábendingum.
4. Kynnt afgreiðsla Húsafriðunarnefndar frá 8. ágúst 2012 vegna hlífðarhurða og lagfæringa á tröppum á Kirkjuhvammskirkju.

## Tekið á dagskrá:

5. Jón Brynjar Sigurðsson kt. 290168-5899 sækir um stöðuleyfi fyrir 20 feta geymslugám við suðurgafli Hafnabrautar 3. Nefndin felur byggingarfulltrúa að annast afgreiðslu erindisins.

Anna María mætti á fundinn við afgreiðslu þriðja liðar.

**Skipulags- og umhverfisráð bendir á að umsóknir teljast ekki samþykktar fyrr en þær hafa hlotið afgreiðslu sveitarstjórnar Húnaþings vestra.**

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 18:55

Víglundur Gunnþórsson (sign.),  
Anna María Elíasdóttir (sign.),  
Unnsteinn Andrésson (sign.),  
Erla B.Kristindóttir (sign.),  
Benjamín Kristinsson, byggingarfulltrúi (sign.),  
Pétur Arnarsson, slökkviliðsstjóri (sign.),  
Ólafur H.Stefánsson,forstöðumaður tæknideildar (sign.),